

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 157/1996.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Hauki Steinari Baldurssyni

og Petru Stefánsdóttur

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Líkamsárás. Hegningarauki.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærðu um áfrýjun 6. mars 1996 og einnig af hálfu ákærvaldsins með stefnu 2. apríl sl. Endanlegar kröfur ákærvaldsins eru um staðfestingu héraðsdóms. Ákærða, Petra, krefst aðallega sýknu, en til vara, að refsing sín verði milduð. Ákærði, Haukur Steinar, krefst þess, að refsing sín verði milduð. Ekki er krafist endurskoðunar á ákvæði héraðsdóms um skaðabótakröfur.

I.

Mál þetta er samkvæmt tveimur ákærum, annarri frá 16. janúar 1996, en hinni frá 5. mars sama ár. Í hinni fyrri eru hjónin, ákærðu Haukur Steinar og Petra, sökuð um stórfellda líkamsárás aðfaranótt 10. október 1995 á þáverandi heimili sínu í Keflavík. Hin síðari varðar fölsun Hauks Steinars á tveimur 5.000 króna tékkum. Hefur Haukur Steinar játað verkið samkvæmt báðum ákærunum.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn um áverka þá, sem Karl Sævar Baldvinsson hlaut aðfaranótt 10. október 1995. Í skýrslu Páls M. Stefánssonar, lækni á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, 20. október 1995 kemur fram, að 13. október hafi bólga í andliti Karls Sævars verið að mestu hjöðnuð, en ljóst hafi verið, að hann var nefbrotinn. Hafi það verið lagfært, og hafi honum heilsast vel. Hann hafi útskrifast af spítalanum 16. október. Samkvæmt áverkavottorði sama lækni 6. september 1996 hlaut Karl Sævar varanlegt heyrnartap á vinstra

eyra 10. október 1995. Segir í vottorðinu, að það nemi 15% og teljist vægt, en hafi honum að því leyti, að hann hafi ekki stefnuheyrn og eigi erfitt með að hlusta í síma með því eyra. Í vottorði Haralds Sigurðssonar augnlæknis 31. júlí 1996 kemur fram, að Karl hefur minnkaða sjón á vinstra auga. Telur Haraldur ljóst, að þetta hafi gerst frá árinu 1991, en þá hafi sjónin verið eðlileg. Síðan segir hann: „Ekki verður að telja ólíklegt, að þetta tengist högginu, þar sem engar cataract-breytingar er að sjá í hæggra auga. Ef svo heldur fram sem horfir, er ljóst, að taka þarf vinstri augasteinin og setja gervi-augastein í staðinn.“ Loks hefur verið lagt fram vottorð Jóhannesar Bergsveinssonar læknis 27. september 1996 um sjúkrasögu ákærðu Petru. Hún og ákærði Haukur Steinar dveljast nú í Gunnarsholti.

II.

Fyrir héraðsdómi bar Karl Sævar, að hann hefði ekki séð verkfæri það, sem hann var barinn með. Í málinu nýtur engra óyggjandi gagna um, að annað barefli en göngustafur hafi þar komið við sögu. Hefur ákærði, Haukur Steinar, skýlaust játað að hafa barið Karl Sævar með þessum göngustaf, en hann fannst brotinn og blóðugur á vettvangi. Þáttur Hauks Steinars er ekki hér til endurskoðunar að öðru leyti en tekur til refsíákvörðunar.

Karl Sævar heldur því fram, að árás hjónanna hafi verið tilefnislaus. Þau héldu því hins vegar bæði strax fram í yfirheyrslum hjá lögreglu, að upphafið hefði verið það, að hann hefði verið með dónalegan munnsöfnuð við ákærðu, Petru, og áreitni. Haukur Steinar bar, að Petra hefði haldið þessu fram við sig. Fyrir dómi ítrekuðu þau þennan framburð. Karl Sævar kannaðist ekki við þetta, en kvaðst fyrir dómi ekki muna greinilega eftir því, hvað á milli fór. Vitnið Eiríkur Ellertsson bar fyrir lögreglu, að til deilna hefði komið út af peningaskuld, en fyrir dómi kvaðst hann ekkert muna. Gögn málsins bera með sér, að ákærðu, vitnið Eiríkur svo og Karl Sævar, voru öll mikið undir áhrifum áfengis. Erfitt er því að henda reiður á, hvað gerðist, þá er Karl Sævar kom á heimili hjónanna aðfaranótt 10. október 1995. Þau segja, að hann hafi komið óboðinn, en hann segir, að hann hafi gert boð á undan sér. Ekki þykir með öllu unnt að líta fram hjá frásögn hjónanna um það, að Karl Sævar hafi verið með ertingar við ákærðu, Petru, og má hafa

það til hliðsjónar við refsíákvörðun beggja ákærðu samkvæmt niðurlagi 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981. Þá verður einnig að líta til þess, að þetta gerðist á heimili þeirra. Það var ákærða, Petra, sem hóf atlöguna, en ákærði, Haukur Steinar, hélt henni hins vegar áfram og heldur því fram, að einungis hann hafi beitt stafnum og að hann hafi ekki séð hana gera það. Óvarlegt þykir því að telja sannað, að verknaður hennar verði felldur undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, heldur beri við það að miða, að hann falli undir 1. mgr. greinarinnar.

Fallist er á það með héraðsdómi, að líkamsárásin hafi verið stórfelld og haft varanlegan skaða í för með sér, en ekki verður þó fullýrt, að minnkandi sjón Karls Sævars stafi frá henni. Í héraðsdómi er réttilega vísað til 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 78. gr. sömu laga, og skilorðsdómur frá 13. desember 1995 tekinn upp og refsing ákvörðuð í einu lagi fyrir þau brot, sem þar um ræðir, og brot þessa máls. Í þeim dómi var ákærða, Hauki Steinari, ákvörðuð refsing fangelsi í þrjá mánuði og ákærðu, Petru, fangelsi í sex mánuði.

Þegar skoðuð eru öll framangreind atriði, þykir refsing ákærða, Hauks Steinars Baldurssonar, réttilega ákveðin fangelsi í fimmtán mánuði, en refsing ákærðu, Petru Stefánsdóttur, fangelsi í tólf mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærðu greiði allan kostnað við áfrýjun málsins, svo sem nánar er kveðið á í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Haukur Steinar Baldursson, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærða, Petra Stefánsdóttir, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærðu greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 6. mars 1996.

Ár 1996, miðvikudaginn 6. mars, er á dómþingi, sem háð er í Héraðsdómi Reykjaness á reglulegum þingstað í Hafnarfirði af Má Péturssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-22 og S-134/1996: Ákærvaldið gegn Hauki Steinari Baldurssyni og Petru Stefánsdóttur.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag að lokinni birtingu á ákærum, þingfestingu og aðalmeðferð, sem fram fór í samfellu, er höfðað af ríkissaksóknara með tveimur ákærum. Er fyrri ákæra út gefin 16. janúar 1996 gegn hjónunum Hauki Steinari Baldurssyni, Ásabraut 16, Keflavík, kennitala 130556-3029, og Petru Stefánsdóttur, kennitala 200367-4569, báðum til heimilis að Ásabraut 16, Keflavík, fyrir stórfellda líkamsárás með því að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 10. október 1995 á þáverandi heimili sínu í íbúð á þriðju hæð til vinstri í húsinu nr. 30 við Heiðarholt í Keflavík í sameiningu ráðist á Karl Sævar Baldvinsson, kennitala 081139-4829, og barið hann margsinnis í höfuð og andlit með bareflum, göngustaf og trékylfu, svo að hann féll í gólfíð, og hafa haldið áfram að berja hann þannig, þar sem hann lá á gólfinu, uns Karl Sævar gat komist út úr íbúðinni og leitað sér hjálpar í næsta húsi. Við árásina hlaut Karl Sævar sár í eyrnagangi vinstra eyra, sem blæddi úr, mikla bólgu í andliti, einkum í kringum augu og yfir nefbeini, fjölmörg skurðsár á höfuðleðri, enni og eyra, sem blæddi úr, slæmt nefbrot með mikilli bólgu og blæðingu og brot í sáldbeinshólfi hægra megin ásamt lofti inn í hægri augnatóft. Einnig hlaut Karl Sævar sár undir neðra augnaloki vinstra auga og sár í augnakrók sama auga, sem leiddi til örs, er veldur herpingi. Þá versnaði sjón Karls Sævars á vinstra auga við árásina.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar.

II.

Hin síðari ákæra ríkissaksóknara er út gefin 5. mars 1996 gegn sama Hauki Steinari Baldurssyni, Ásabraut 16, Keflavík, kennitala 130556-3029, fyrir tékkafals með því að hafa í Keflavík í október 1995 falsað og afhent öðrum til notkunar í viðskiptum tvo tékka, hvorn að fjárhæð 5.000 kr., á eyðublöðum frá Landsbanka Íslands, Austurstræti 11, Reykjavík:

1) Tékka nr. 5806695, dagsettan 2. 10., með útgefandanafnrituninni Hafsteinn Jónsson. Ákærði afhenti tékkann Eiríki Ellertssyni, kt. 061260-5019, sem seldi hann í verslun K-vídeós hf. í Keflavík.

2) Nr. 5806700, dagsettan 17. 10., með útgefandanafnrituninni Halldór Jónsson. Ákærði afhenti tékkann Petru Stefánsdóttur, kt. 200367-4569, sem seldi hann í versluninni Hólmgarði í Keflavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefjast eftirgreindir skaðabóta ásamt vöxtum til greiðsludags: Margrét Sigurðardóttir vegna K-vídeós hf., kt. 451294-2889, 5.000 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 17. 10. 1995, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga.

Rúnar Lúðvíksson vegna verslunarinnar Hólmgarðs, kt. 681294-3689, 5.000 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 17. 10. 1995, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga.

Ákærði hefur skýlaust játað að hafa framið brot það, er honum er gefið að sök í ákæru þessari, og samþykkt bótakröfur.

III.

Ákærði, Haukur Steinar, hefur játað að hafa barið kæranda í höfuð með göngustaf á þeim stað og tíma, er í ákæru greinir.

Ákærða, Petra, játaði við yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögreglu í Keflavík, að hún hefði „danglað“ í kæranda nokkrum sinnum, og kvaðst ekki gera sér grein fyrir því, hvort hún var þá með eitthvað í höndunum. Fyrir dómi dró hún úr þessari játningu, en þrætti þó ekki fyrir, að hún kynni að hafa barið kæranda í höfuð með göngustaf. Hún kveðst hafa orðið svo reið vegna framkomu hans, að hún muni ekki, hvað gerðist um stund, nokkru áður en hún rak ákærða út úr íbúðinni. Hún kveðst þó muna að hafa reynt að troða bjórdós upp í ákærða, skömmu áður en hann fór. Hann hafi þá verið blóðugur á höfði.

Samkvæmt vettvangsskýrslu lögreglu hringdi íbúi að Heiðarholti 26 kl. 3.48 aðfaranótt 10. október 1995 og óskaði aðstoðar lögreglu vegna manns, er væri að hringja dyrabjöllu sinni í sífellu. Halldór R. Guðjónsson flokksstjóri og Magnús Ingi Jenson, sem báðir komu fyrir dóminn, sinntu útkallinu. Er þeir komu á vettvang, reyndist vera um að ræða kæranda í máli þessu, sem var „alblóðugur, með áverka á höfði og mjög bólginn í andliti, klæddur í svartar buxur, grænan hermannajakka, bol og skólaus“, eftir því sem segir í vettvangsskýrslu. Hann var fluttur í lögreglubifreiðinni OJ-195 í Sjúkrahús Suðurnesja og kl. 6.45 í sjúkrabifreið á Borgarspítalann í Reykjavík.

Umræddir lögreglumenn fengu nú tvo lögreglumenn til viðbótar til liðs við sig og fóru að tilvísan kæranda á vettvang á heimili ákærðu að Heiðarholti 30, svo sem síðar verður lýst.

Vottorð læknisins Konráðs Lúðvíkssonar um komu kæranda á sjúkramóttöku Sjúkrahúss Suðurnesja 10. 10. 1995 kl. 4.05 er dagsett 1. 11. sama ár og hljóðar svo:

„Kemur hingað í fylgd lögreglu. Er gangandi. Hafði verið í heimahúsi, Heiðarholti 30, nánar sagt. Hafði hringt áður og boðað komu sína. Hann var ekki fyrr kominn inn en hann var að sögn laminn með kylfu, sem var vafin einangrunarbandi, laminn fjölmörg högg í höfuðið, og voru höggin að sögn Karls síendurtekin, og hann fékk ekki frið. Hann komst þó út á gang að lokum, gat skriðið að íbúðinni á móti og gert vart við sig. Lögreglan kom og flutti Karl hingað. Við komu er hann með fullri meðvitund, getur skýrt frá atburðum. Má greinilega ætla, að alls ekki hafi verið fyrir fram vitað, hvort hann yrði lífs eða liðinn eftir þá barsmið sem hann hefur fengið. Hann er þannig laminn í andlit, á nef, sem er greinilega mikið bólgið og væntanlega brotið, hann er með slæman áverka á vi. auga, sem er blóðstokkið, hann er með sár í vi. augnakrók og undir neðra augnaloki. Hann er síðan allur sundurlaminn á höfuðleðri, og eru þar fjölmargir skurðir, sem blæðir úr. Hann er með skurð í vi. eyra. Hann er með rispúr á hálsi og grunnan skurð eins og eftir nagklór eða jafnvel að tekið hafi verið á honum hálstak. Hann er með mar á tungu og mar á tannholdi. Hann er með yfirborðssár á brjóstkassa. Hann hefur þannig lent í stórkostlegri líkamsárás, og hefur þar skipt sköpum, að hann er lífs, en ekki liðinn.

Hér er byrjað að þvo höfuð hans, og koma þá í ljós fjölmargir skurðir á höfuðleðri. Næstu þrjá tímana eru þessir skurðir saumaðir, eftir að deyfthefur verið; saumað með 4/0 Ethilon í höfuðleður og 5/0 í andlit. Skurður er þó á neðra augnaloki, sem er látinn vera, en við saumum m. a. skurð á vi. eyra. Í lok aðgerðarinnar er blóðþr. 100/60 og púls 74. Hann hefur allan tímann verið vel við meðvitund, og engar neurologískar breytingar hafa komið fram. Við lok aðgerðar reagerar hæ. pupilla edlil., en vi. auga er algjörlega sokkið og aðeins var í byrjun hægt að skoða það, og þá hafði hann einhverja sjón á því, en augað er virkilega illa farið. Við setjum upp drip, og síðan er haft samband við slysavardstofu vegna augnáverkanna, enda hefur ekki verið tekin mynd af höfði, sem þarf að sjálfsgöðu að gera. Haft samband við Jón Baldvinsson, og fer sjúkl. með sjúkrahúsi inn eftir.“

Vottorð Páls M. Stefánssonar, háls-, nef- og eyrnalæknis á Borgarspítalanum, dags. 30. 10. 1995, hljóðar svo:

„Hinn 10. október 1995 kl. 7.30 kom á slysadeild Borgarspítalans maður, er kvaðst heita Karl Sævar Baldvinsson, kt. 081139-4829. Karl var mjög drukinn við komu á slysadeild, en hafði orðið fyrir líkamsárás í heimahúsi í Keflavík og mun hafa verið hvað eftir annað barinn með kylfu í höfuð og

andlit. Var með marga skurði á höfði og á enni og mjög bólginn í andliti, einkum í kringum augu og yfir nefbeini. Jafnframt blæddi úr vinstra eyra. Karli var vísað á háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans. Skoðun þar leiddi í ljós sár í eyrnagangi vinstra megin, mikil bólga í andliti, einkum í kringum augu og yfir nefbeini, skurðsár á höfði, enni og eyra, sem höfðu verið saumuð. Við skoðun í nefi sást mikið storknað blóð. Tennur voru hins vegar heilar í neðri gómi, en Karl var með tannprotesu í efri gómi, sem var heil.

Í framhaldi af skoðun á háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans fór sjúklingur í tölvusneiðmynd af andlitsbeinum, og kom þá í ljós, að Karl var með slæmt nefbrot og brot í sáldbeinshólfi hægra megin ásamt lofti í hægri augnatóft.

Karl var tekinn til aðgerðar vegna þessa andlitsáverka 13. 10., og var þá gert að nefbroti. Hann útskrifaðist síðan af sjúkrahúsinu 16. 10., og var ráðgerð eftirmeðferð á endurkomudeild háls-, nef- og eyrnadeildar Borgarspítalans.

Það vottast, að Karl Sævar Baldvinsson hefur getað hlotið þann áverka, sem hann varð fyrir, á þann hátt, sem hann hefur lýst. Um töluverðan höfuð- og andlitsáverka er að ræða, en Karl mun hafa verið í lífshættu vegna áverkans. Á þessari stundu er ekki fyrir séð, hvort um framtíðarmein af völdum þessa áverka verður að ræða.“

IV.

Komu sinni á vettvang að Heiðarholti 30 lýsa lögreglumennirnir svo, að í stigaganginum hafi þeir hitt fyrir áður nefndan Eirík Ellertsson, mjög drukkinn. Handtóku þeir hann þegar sem grunaðan og færðu í fanga-geymslu. Bókað er í vettvangsskýrslu eftir honum: „Aðspurður um málsatvik kvaðst Eiríkur ekki hafa lamið Karl, en Haukur og Petra hefðu gert það. Ástæðan hafi verið sú, að Karl skuldaði þeim 5000 krónur.“ Þennan framburð dró vitnið til baka, er það kom fyrir dóm, kvaðst hafa verið ofur-ölvi og ekki teysta sér til þess að ítreka þennan fyrri framburð fyrir dómi.

Ákærða Petra var einnig handtekin, og segir m. a. svo í vettvangsskýrslu: „Petra kom til dyra að Heiðarholti 30, þriðju hæð til vinstri. Hún virtist vera í annarlegu ástandi, var róleg, en talaði samhengislaust. Hún kvaðst vera húsráðandi þarna. Innan við dyr sáum við greinilega blóðslettur. Gat Petra ekki gefið skýringu á þeim. Hún var handtekin og færð í járn.“ Í blóðsýni, er tekið var úr henni kl. 8.00 sama morgun, greindust 1,18% alkóhóls, en hvorki amfetamín, kannabínóíðar né morfínlyf í mælanlegu magni, og kveður Þorkell Jóhannesson, Rannsóknastofu háskólans í lyfja-

fræði, það staðfesta, að hún hafi ekki neytt nefndra efna næstu tvo sólarhringa fyrir töku sýnis.

Um handtöku ákærða, Hauks, segir m. a. svo í vettvangsskýrslu: „Haukur lá í sófa inni í stofu íbúðarinnar og hafði sæng yfir sér. Hann var í nærbuxum einum fata. Við höfðagafl sófans lá kylfa með svörtu límbandi. Haukur var handtekinn og færður í handjárn... Haukur var í annarlegu ástandi, nokkuð ölvaður.“

Blóðsýni og þvagsýni voru tekin frá ákærða Hauki kl. 7.45. Greindist magn etanóls í blóði 2,27%. Í greiningarskýrslu Þorkels Jóhannessonar segir síðan:

„Í þvagi var amfetamín, fundið með mótefnismælingu (TDX), en í blóði var magn þess ekki mælanlegt. Kannabínóíðar voru hins vegar ekki í mælanlegu magni í þvaginiu.“

Hlutadeigandi hefur þannig greinilega verið ölvaður, þegar sýnin voru tekin. Hann kann og að hafa tekið amfetamín nokkru áður.“

Í niðurlagi vettvangsskýrslu lögreglu segir:

„Á stigagangi Heiðarholts 30 mátti sjá blóð á handriði allt að íbúð á þriðju hæð til vinstri. Þar var blóð á útidyrhurð. Inn af dyrunum til suðurs er anddyri og beint af því svefnherbergi; til vinstri af anddyrinu er herbergi, sem virtist vera notað sem geymsla. Blóð var í anddyrinu inn af útidyrhurð. Gangur liggur síðan til vesturs að stofu vestan megin í íbúðinni. Þar var mikið blóð á gólfi, einnig blóðslettur á veggjum og lofti. Ýmsir munir lágu á víð og dreif í stofunni. Baðherbergi er sunnan megin við ganginn. Voru blóðslettur á gólfi baðherbergisins og á innréttingu. Eldhús er inn af stofu. Gengið er út á svalir úr stofunni. Svalirnar snúa til vesturs.“

Síðdegis sama dag, 10. október 1995, voru handteknu yfirheyrð hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík.

Samkvæmt framburði hafa tildrög atburðar þess, er mál þetta snýst um, verið sem hér segir:

Eiríkur Ellertsson, 34 ára, atvinnulaus, keypti mánudaginn 9. október fjórar vodkaflöskur. Um kvöldið komu ákærðu, Haukur Steinar, sem er öryrki og atvinnulaus, og Petra, sem þá starfaði hjá Íslenskum ígulkerum hf., Njarðvík, í heimsókn til hans að Ásabraut 16 í Keflavík. Settust þau öll þrjú að drykkju. Snemma nætur fluttu þau sig á heimili ákærðu og héldu áfram drykkju. Skömmu síðar kvaddi kærandi, Karl Sævar, dyra og hafði meðferðis bjórkippu. Ákærðu hleyptu honum inn, en segjast bæði hafa gert það mót vilja sínum. Ágreiningslaust er, að gesturinn var drukkinn. Kærandi heldur því fram, að hann hafi hringt á undan sér og verið boðinn velkominn, er hann kom. En hvað sem því líður, er ekki ágreiningur um, að fljót-

lega dró til tíðinda. Sagði Ellert lögreglu samkvæmt vettvangsskýrslu, að ákærðu og gesturinn hefðu farið að rifast út af einhverjum peningamálum og ákærði Haukur barið sig í höfuðið með kylfu, en kvaðst ekkert muna um þetta, er hann kom fyrir dóm. Kærandi bar fyrir lögreglu, að hann hefði setið í stól við sófaborð, þegar Petra hefði allt í einu komið að sér og margbarið sig í höfuðið með einhvers konar göngustaf. Kveðst hann þá hafa fallið í gólfið og þá verið sparkað og barið í andlit sér. Þá hafi Haukur einnig verið farinn að berja sig. Eiríkur hafi ekki gert neitt. Fyrir dómi kveðst kærandi hafa fengið fyrsta höggið sér að óvörum og ekki geta sagt um, hvort hjónanna það var, sem byrjaði að berja sig, en fullyrti, að þau hefðu bæði barið sig. Kveðst hann síðan hafa getað skriðið út úr íbúðinni og komist í næsta fjölbýlishús, sem lögregla var kölluð til. Hann kveðst alls ekki vita, hvers vegna ráðist var á sig, taldi sig ekki hafa gefið neitt tilefni til þess.

Hann kveðst muna óljóst, hvað gerðist, eftir að þau Petra og Haukur fóru að berja sig. Hann hafi ekki veitt neina mótspyrnu, þar sem hann hafi verið mjög drukkinn og strax orðið vankaður við barsmíðarnar.

Ákærða, Petra, kveður kæranda, Karl Sævar, strax og hann kom, hafa byrjað „að vera með stæla“ við sig. Hann hafi verið með klámyrði og „stæla“ í þá áttina. Fyrir dómi bætti hún því við, að hann hefði farið að káfa á sér, mjög dónalega. Hún hefði orðið mjög reið út í Karl. Fyrir lögreglu kvaðst hún hafa „danglað“ nokkrum sinnum í hann og ekki gera sér grein fyrir, hvort hún hefði verið með eitthvað í höndunum, þegar hún „danglaði“ í hann. Hún hefði verið mjög reið, séð „rautt“. Kvaðst hún því ekki geta gert sér grein fyrir, hvað gerðist eftir þetta. Fyrir dómi dró hún í land, sagðist ekki muna eftir því að hafa barið Karl, taldi þó ekki óhugsandi, að hún hefði gert það.

Hið næsta, sem hún muni eftir, sé, að Karl hafi setið á stól í stofunni og verið „tuðandi eins og kerling“. Hún hafi þá tekið bjórdós, hellt úr henni og síðan reynt að troða henni upp í munninn á Karli. Hafi hún gert þetta í bræði sinni. Aðspurð kveðst hún hafa séð blóð á Karli, þar sem hann sat þarna í stólnum. Eftir að hún hafi reynt að troða upp í hann bjórdósinni, hafi hún rekið Karl út og hann þá farið út úr íbúðinni.

Ákærða, Petra, kvaðst ekki hafa séð eiginmann sinn slá Karl.

Þegar ákærðu, Petru, var sýndur hinn brotni og blóðugi göngustafur, er hún var yfirheyrð hjá rannsóknardeild lögreglu, kvað hún líklegt, að hún hefði notað hann til að slá Karl. Hún kvaðst þó ekki muna það.

Ákærði, Haukur Steinar Baldursson, lýsir atvikum svo, að stimpingar hafi orðið milli eiginkonu sinnar, ákærðu, Petru, og kæranda. Kvaðst hann þá hafa tekið göngustaf, sem hann átti, og barið Karl með honum nokkrum

sinnum, ýmist í höfuð eða annars staðar á líkamann. Hann taldi sig ekki hafa barið hann af alefli og ekki hafa brotið stafinn á höfði kæranda, heldur slegið stafnum í gólfið, þegar hann brotnaði.

Ákærði, Haukur, kvaðst ekki hafa séð eiginkonu sína, Petru, slá Karl.

V.

Til marks um sjúkrasögu kæranda og afleiðingar árársinnar er auk læknisvottorða þeirra um ástand kæranda samdægurs, er áður er til vitnað, vottorð Haralds Sigurðssonar augnlæknis, dags. 30. 10. 1995, er hljóðar svo:

„Ég sá sjúkling 20. 11. 1995 á augnlæknastofu minni í Keflavík. Mun hann hafa orðið fyrir líkamsárás 10. 10. 1995 og hlaut við það áverka, einkum á vinstri augnaumgjörð.

Við skoðun er sjón á hægri auga 6/5, vinstra auga sér ócorregerað 6/12, en lagast niður í 6/5 með gleraugum. Augnþrýstingur innan eðlilegra marka. Ég dilateraði hann, og eru augnbotnar hans í lagi. Hann hefur litlar posterior subcapsulu-breytingar á augasteini vinstra megin. Á vinstri augnaumgjörð lateralt hefur hann ör á lateral cantus, sem veldur svolitlum herpingi.

Það er í fyrsta lagi, að sjón á vinstra auga er 6/2 ócorregeruð, en fer í 6/5. Þegar ég skoðaði hann í apríl 91, var sjón á vinstra auga 6/6 ócorregeruð. Má vera, að þessar breytingar stafi af ógagnsæi, sem hann hefur í lens.

Í öðru lagi hefur hann ör í vinstri lateral cantus, sem veldur herpingi og ekki er ósennilegt, að gera þurfi við með aðgerð seinna meir.

Í þriðja lagi hefur hann lítinn blett í vinstri augasteini, sem hefur ekki verið lýst áður. Er spurning, hvort hann er að valda þessari sjónbreytingu, sem nú er. Hvað kemur til með að gerast með þessar breytingar í augasteininum, er erfitt að segja, en tvennt kemur til greina, annars vegar, að þetta verði óbreytt eða að það gæti versnað. Ég tel ólíklegt, að þetta geti skánað.

Hvað varðar varanlegan skaða, treysti ég mér ekki til að segja mikið á þessu stigi, en ljóst er, að sjúklingur ber merki þessa áverka. Sé frekari upplýsinga óskað, er mér ljúft að veita þær.“

Kærandi hefur framvísað gleraugna-recepti, er Einar Stefánsson, augnlæknir á augndeild Landakotsspítala, gaf út honum til handa að undan-genginni augnskoðun 11. 11. 1994. Samkvæmt því hefur kærandi þá haft jafna sjón á báðum augum, lítils háttar fjarsýni, +1,5 bæði gler.

VI.

Samkvæmt fram lögðu sakavottorði er sakaferill ákærða, Hauks Steinars, síðustu fimm árin fyrir atburð þann, er mál þetta fjallar um, sem hér segir:

- 1993 25/5 Héraðsdómur Suðurlands. Nr. 29. Dómur: varðhald 60 daga f. brot g. 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 17. gr., 1. mgr. 48. gr. og 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., umfl. Sviptur ökul. ævilangt.
- 1994 2/1 Fangelsismálastofnun ríkisins. Reynslulausn eitt ár á eftirstöðvum refsingar, 30 dögum.
- 1995 12/1 Lögreglustjórinn í Reykjavík. Nr. 8929. Sátt: 32.000 kr. sekt f. brot g. 1. nr. 65/1974 um áv. og fíkn. og rg. nr. 16/1986.
- 1995 9/5 Héraðsdómur Reykjavíkur. Nr. 448. Dómur: fangelsi þrjá mán. f. brot g. 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umfl. Sviptur ökul. ævilangt.
- 1995 19/7 Héraðsdómur Reykjaness. Nr. 336. Dómur: 32.000 kr. sekt f. brot g. 1. nr. 65/1974 um áv. og fíkn. og rg. nr. 16/1986.
- 1995 4/12 Héraðsdómur Reykjavíkur. Nr. 775. Sátt: 15.000 kr. sekt f. brot g. 248. gr. alm. hgl.
- 1995 13/12 Héraðsdómur Reykjavíkur. Nr. 985. Dómur: fangelsi þrjá mán., skb. þrjú ár, f. brot g. 1. mgr. 155. gr. alm. hgl.

Samkvæmt fram lögðu sakavottorði er sakaferill ákærðu, Petru, sama tímabil sá, að hún var dæmd með manni sínum 13. 12. 1995 og hlaut þá sex mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr., 244. gr., 245. gr. og 248. gr. alm. hgl.

Niðurstöður.

Ákærði, Haukur Steinar Baldursson, hefur skýlaust játað brot það, sem honum er gefið að sök í ákæru, út gefinni 5. mars 1996, sem þar telst réttlæga heimfært til refsíakvæða. Bótakröfur í þeirri ákæru hefur hann samþykkt.

Með játningum ákærðu, þ. e. skýlausri játningu ákærða, Hauks Steinars, og játningu ákærðu, Petru, fyrir lögreglu og játningarígildi fyrir dómi, sem studdar eru vitnaframburði þeim og skýrslum, sem að framan er lýst, er sannað, að ákærðu, hjónin Haukur Steinar Baldursson og Petra Stefánsdóttir, veittu kæranda, Karli Sævari Baldvinssyni, með vísitandi stórfelldri og fólkskulegri líkamsárás, sem gerð var með hættulegri aðferð og framin af þeim í sameiningu, þá miklu líkamsáverka, sem lýst er í framangreindum læknisvottorðum, með þeim varanlegu afleiðingum eða miklu líkum á varanlegum afleiðingum, sem lýst er í vottorði Haralds Sigurðssonar augnlæknis, dags. 30. 11. 1995.

Auk hins varanlega augnskaða hlaut kærandi við árásina slæmt nefbrot og brot á hægra sáldbeinshólfi, svo sem lýst er í vottorði Páls M. Stefáns-sonar, háls-, nef- og eyrnalæknis á Borgarspítala, auk fjölmargra minni áverka, sem lýst er í læknisvottorðum.

Ekki er annað fram komið en árásin hafi verið tilefnislaus í merkingu niðurlagsákvæðis 218. gr. a alm. hgl., sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981.

Eftir að barsmiðum lauk, beitti ákærða, Petra, hinn slasaða enn frekara ofbeldi með því að reyna að troða upp í hann tómri bjórdós, blóðugan og vankaðan, í stað þess að hjúkra honum og hlutast til um, að hann fengi læknishjálp.

Ákærðu hirtu ekkert um afdrif árásarandlagsins, eftir að hinn slasaði staulaðist út úr íbúð þeirra, kófdrukkin og barinn af þeim til óbóta um miðja vetrarnótt, og skildi eftir sig blóðslóð, svo sem lýst er í niðurlagi vettvangsskýrslu lögreglu.

Brot ákærðu telst réttilega heimfært til refsíákvæðis í ákæru.

Ákærði, Haukur Steinar, var 13. 12. 1995, eftir að brot þau, sem ákæruer í máli þessu lúta að, voru framin, dæmdur til þriggja mánaða fangelsisvistar, skilorðsbundið í þrjú ár, en ákærða, Petra, var með sama dómi dæmd í sex mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár. Með vísan til 60. gr. alm. hgl. verða bæði málin því tekin til meðferðar og skilorðsdómurinn frá 13. 12. 1995 dæmdur upp eftir reglum 78. gr. alm. hgl.

Refsing ákærða, Hauks Steinars Baldurssonar, skal vera fangelsi í 18 mánuði.

Refsing ákærðu, Petru Stefánsdóttur, skal vera fangelsi í 18 mánuði.

Bótakrafa kæranda, Karls Sævars Baldvinssonar, er tekin til greina, þó þannig, að kröfulið 3, þar sem krafist er 700.000 króna í bætur vegna varanlegs miska, er vísað frá dómi, þar sem bæði skorti læknisfræðileg gögn og útreikninga á grundvelli skaðabótalaga til þess að ákvarða nú hæfilegar bætur samkvæmt þessum kröfulið.

Ákærðu ber samkvæmt þessu að greiða kæranda, Karli Sævari Baldvinssyni, in solidum 102.954 kr. með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. október 1995 til 1. janúar 1996, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags og 41.022 kr. í innheimtuþóknun lögmanns, sem ber dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu auk virðisaukaskatts.

Þá ber enn að dæma ákærða, Hauk Steinar Baldursson, til þess að greiða skaðabætur sem hér segir:

1. Margréti Sigurðardóttur vegna K-vídeós hf., kt. 451294-2889, 5.000 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 17. 10. 1995 til dómsuppsögdags, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga.

2. Rúnari Lúðvíkssyni vegna verslunarinnar Hólmgarðs, kt. 681294-3689, 5.000 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 17. 10. 1995 til dómsuppsögu, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Lárussonar hdl., 40.000 kr.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Haukur Steinar Baldursson, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærða, Petra Stefánsdóttir, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærðu greiði in solidum Karli Sævari Baldvinssyni 102.954 kr. með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 10. október 1995 til 1. janúar 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags og 41.022 kr. í innheimtuþóknun lögmanns, sem ber dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu auk virðisauka-skatts.

Kröfulið vegna varanlegs miska, 700.000 kr., er vísað frá dómi.

Ákærði, Haukur Steinar Baldursson, greiði enn fremur skaðabætur sem hér segir:

Margréti Sigurðardóttur vegna K-vídeós hf., 5.000 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 17. 10. 1995 til dómsuppsögudags, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga.

Rúnari Lúðvíkssyni vegna verslunarinnar Hólmgarðs, kt. 681294-3689, 5.000 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 17. 10. 1995 til dómsuppsögudags, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Lárussonar hdl., 40.000 kr.
